

Nd.

82. Frumvarp til laga

[64. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. nóv).

Samhljóða þskj. 78 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Stofna skal sérstakan gengisbreytingarreikning í Seðlabankanum, og skal á hann færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum hönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar rikissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendir gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans. Á þennan reikning skulu einnig færðar eftirstöðvar reikninga vegna gengisbreytinganna 1960 og 1961, sbr. 5. gr. laga nr. 4 frá 20. febrúar 1960 og 1. gr. laga nr. 28 frá 17. apríl 1962.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 24. nóvember 1967, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar ábyrgðir með greiðslufresti, sem greiddar eru erlendis, ef vöruskjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.